



Hvolsskóli

Velkomin í Hvolsskóla

Gleði – Virðing – Vinátta



Úr fjallgöngu 2016 - Drangshliðartindur

Kynningarrit fyrir nemendur og foreldra þeirra

Kæru foreldrar

Við bjóðum ykkur og barnið ykkar velkomið í Hvolsskóla. Þessum bæklingi er ætlað að veita ykkur upplýsingar um ýmis atriði sem tengd eru starfsemi skólans og nauðsynlegt er að vita. Góð samvinna foreldra og skóla er lykill að farsælli skólagöngu.

Við hlökkum til að hefja samstarfið.

Kærar kveðjur úr Hvolsskóla.

Um Hvolsskóla

Hvolsskóli er staðsettur á Hvolsvelli í Rangárþingi eystra. Hann er safnskóli og er heimaskóli allra nemenda á grunnskólaaldri á svæðinu frá Jökulsá á Sólheimasandi að Eystri-Rangá. Í Hvolsskóla eru um það bil 240 nemendur í 1.-10. bekk. Sími skólans er 488 4240.

Skólastjóri er Birna Sigurðardóttir skolastjori@hvolsskoli.is og birna@hvolsskoli.is
Deildarstjórar eru Guðbjörg T. Júlíadóttir guðbjorgt@hvolsskoli.is og Svava Björk Helgadóttir deildarstjóri sérkennslu svava@hvolsskoli.is.



Frá mælingu Sólheimajökuls haustið 2016

Uppeldi til ábyrgðar og ART

Hvolsskóli vinnur í anda uppbyggingarstefnunnar Uppeldi til ábyrgðar. Í henni er leitast við að allir viti hvaða hlutverki þeir gegni, komið sé til móts við þarfir hvers og eins, tekið tillit til þeirra og skýr mörk séu öllum ljós. Einnig er unnið með ART í öllum bekkjum skólans en þá er unnið með siðferði, reiðistjórnun og félagsfærni. Sjá nánar á www.isart.is og í skólanámskrá Hvolsskóla á heimasíðu skólans.

Skólareglur

Í Hvolsskóla leggjum við áherslu á gleði og virðingu fyrir hvert öðru sem og eigum annarra. Mikil áhersla er lögð á stundvísi og að nemendur komi vel undirbúnir í skólann með öll gögn sem við eiga.

Skólareglur Hvolsskóla er að finna á heimasíðu skólans auk reglna um námsástundun og skólasókn.

Grænn skóli og UNESCO-jarðvangsskóli

Hvolsskóli er Grænfánaskóli og UNESCO-Geo skóli, við flokkum sorp og sinnum umhverfismálum. Umhverfisnefnd er starfandi í skólanum og í henni sitja auk hóps starfsmanna við skólann, einn nemandi úr hverjum bekk sem er jafnframt tengiliður bekkjarins. Síðastliðið vor gengum við til liðs við Kötlu jarðvanginn og eru orðin UNESCO-Geo skóli og horfum fram á spennandi tíma í þeim efnum.

Heilsueflandi grunnskóli

Hvolsskóli er Heilsueflandi grunnskóli á upphafsmetrum og því lögð áhersla á hreyfingu og hollt mataræði.

Einstaklingsmiðun

Í Hvolsskóla er einstaklingsmiðun. Komið er til móts við þarfir nemenda eins og kostur er.

Sérkennsla

Deildarstjóri sérkennslu er Svava Björk Helgadóttir og hefur yfirumsjón með sérkennslumálum. Tinna Erlingsdóttir er sérkennari á yngsta stigi, Ásta Brynjólfsdóttir á miðstigi en Svava á elsta stigi. Hafdís María Jónsdóttir, Klara Sif Ásmundsdóttir og Sóley Ástvaldsdóttir eru þroskaþjálfar.

Lestur

Mikil áhersla er á lestur í Hvolsskóla, sérstaklega á yngsta stigi. Mikilvægt er að nemendur nái fljótt og vel tökum á lestri. Til að sem bestur árangur náist þurfa skólinn og heimilið að taka höndum saman og sinna vel hlutverki sínu. Lestur heima í næði með foreldri eða öðrum, vegur margfalt á við lestur í skólanum og því lykilatriði fyrir alla skólagönguna að heimalestri sé sinnt af krafti.

Viðmið skólans í lestri eru eftirfarandi:

Viðmið í raddlestri yngsta stigi 1. -4. bekkur – orð á mínútu að vori (maí).

	1. bekkur	2. bekkur	3. bekkur	4. bekkur
Lágmarksviðmið	20 orð	40 orð	55 orð	80 orð
Almenn viðmið	55 orð	85 orð	100 orð	120 orð
Metnaðarfull viðmið	75 orð	100 orð	120 orð	145 orð

Viðmið í lestri á miðstigi 5. – 7. bekkur – orð á mínútu að vori (maí).

	5. bekkur	6. bekkur	7. bekkur
Lágmarksviðmið	90 orð	105 orð	120 orð
Almenn viðmið	140 orð	155 orð	165 orð
Metnaðarfull viðmið	160 orð	175 orð	190 orð

Töflurnar hér á undan eru teknar úr Lestrarstefnu Hvolsskóla sem má lesa á heimasíðu skólans.

Fatnaður

Mikilvægt er að öll föt nemenda séu vel merkt svo og aðrar eigur nemenda.

Nemendur eiga að vera í inniskóm í skólanum.

Hver nemendi fær merktan snaga og merkta skóhillu til að geyma fötin sín á. Ekki er úr miklu plássi að moða hjá okkur og því biðjum við um að ekki séu geymdir margir umgangar af fötum á snögunum. Mikilvægt er að snagarnir séu tæmdir á föstudögum en inniskór mega vera í skóhillunum.

Nemendur þurfa bæði að eiga ípróttaföt og sundföt. Einnig þurfa þeir að eiga innanhússípróttaskó.

Rétt er að geta þess að ef barn gleymir ípróttafötum þarf það að horfa á tímann. Slíkt er skráð í Námfús og er nánar fjallað um hann hér fyrir neðan. Ef viðkomandi gleymir fatnaði oftast en einu sinni er hringt heim.

Ávaxtastundir

Boðið er upp á ávexti fyrir frímínútur og einu sinni í viku fær hvert stig hafragraut í morgu mat, því er ekki þörf á að koma með nesti að heiman. Mikilvægt að hafa í huga að á svæðinu og í skólanum öllum eru bráðaofnæmi við hnetum og nauðsynlegt að huga að því ef nemendur koma með eitthvað matarkyns með sér.

Frímínútur

Skylda er að fara út í frímínútur á yngsta og miðstigi og því er mikilvægt að nemendur séu klæddir eftir veðri. Ef nemandi er að ná sér eftir veikindi er honum leyft að vera

inni í frímínútum en þá þarf foreldri að senda með honum miða eða hafa samband við skólann. Elsta stig hefur val um að vera inni.

Mötuneyti

Mötuneyti er starfandi við skólann og geta foreldrar skráð nemendur í mötuneytið hjá ritara skólans. Greiðsluseðill berst heim um hver mánaðarmót. Reglur og gjaldskrá mötuneytisins er að finna á heimasíðu skólans.

Bókasafn

Héraðsbókasafn Rangæinga er í sambyggðu húsi við skólann. Nemendur skólans fá aðgang að því.

Tónlistarskóli Rangæinga

Tónlistarskólinn er einnig í sambyggðu húsi við skólann. Nemendur í 2. - 4. bekk stunda nám í forskóla við Tónlistarskólann foreldrum að kostnaðarlausu. Auk þess eru nemendur á öllum aldri í námi við skólann. Nánari upplýsingar og umsóknareyðublöð er að finna á heimasíðu Tónlistarskólans tonrang@ismennt.is

Námfús

Námfús er skráningarkerfi grunnskólanna en þar er skráð ástundun nemenda, einkunnir og jafnvel settar inn færslur í dagbók. Foreldrar fá aðgang að Námfús við upphaf skólagöngu barnanna.

Veikindi

Veikindaforföll er ábyrgð foreldra að tilkynna til ritara skólans að morgni dags eða fyrir kl. 8:30, í síma 488 4240 eða á netfangið forfoll@hvolsskoli.is. Ef barn hefur ekki skilað sér í tíma að morgni er hringt heim til að athuga með það, af öryggisástæðum. Ef ekki næst í foreldri og engin tilkynning berst er barnið skráð með fjarvist í þeim tímum sem ekki er vitað um það. Það hefur áhrif á skólasóknareinkunn barnsins og því mikilvægt að muna að tilkynna forföll. *Skólasóknar og ástundunarreglur má finna á heimasíðu skólans.*

Leyfi

Foreldrar þurfa að hafa samband við skólann í síma 488 4240 ef óskað er eftir leyfi fyrir nemandann. Ef um lengra leyfi er að ræða en 2 daga þarf að sækja um það á þar til gerðu eyðublaði hjá skóla- eða deildarstjóra.

Skólaskjólíð

Skólaskjólíð er starfrækt frá skólabyrjun til skólaloka fyrir nemendur í 1. - 4. bekk. Það tekur við að loknum skóla hvern dag og er opið til kl. 17 mánudaga til fimmtudaga en til kl. 16 á föstudögum. Umsjónarmaður Skjólísins er Ragnhildur Ásta Guðmundsdóttir. Hún hefur netfangið ragnhildur@hvolsskoli.is Beinn sími í Skólaskjólíð er 841 8604 en einungis er svarað í hann eftir að Skjólíð hefst á daginn. Netfangið í Skjólínu er skjol@hvolsskoli.is

Reglur Skjólsins og gjaldskrá er að finna á heimasíðu skólans og á heimasíðu sveitafélagsins.

Samfella í tómstunda- og skólastarfi Rangárþings eystra

Að loknum skóladegi á mánudögum, miðvikudögum og fimmtudögum tekur við samfellustarf ýmissa tómstundaaðila. Upplýsingar frá samfellustarfinu liggja fyrir að hausti og þá geta börn ásamt foreldrum sínum valið viðfangsefni fyrir veturinn. Valið er bindandi fram að áramótum.

Skólaakstur

Þörf er á að skrá nemendur sem eru í skólaakstri í heimferð að loknum degi þar sem hægt er að velja ferð heim seinna að deginum á mánudögum, miðvikudögum og fimmtudögum. Skráning í bílana er bindandi fram að áramótum og frá áramótum fram á vor og biðjum við foreldra að hafa samband beint við skólabílstjóra ef einhver breyting verður á heimferð nemenda. Á heimasíðu Hvolsskóla eru upplýsingar um skólabílstjórana og verklag þeirra þegar röskun verður á skólaakstri vegna veðurs.

Samstarf við foreldra

Gott samstarf milli heimilis og skóla er lykilþáttur í skólagöngu barna. Við leggjum mikla áherslu á samvinnu við heimilin í náminu og gott upplýsingaflæði. Við biðjum foreldra að vera duglega að hafa samband við kennara ef eitthvað er, í gegnum tölvupóst eða síma 488 4240. Umsjónarkennarar eru ekki með fasta viðtalstíma en svara erindum eins og fljótt og auðið er.

Hjúkrunarfræðingur

Skólahjúkrunarfræðingur er starfandi við skólann og hefur fastan viðverutíma einu sinni í viku. Hann fer inn í bekkjardeildir með ýmiskonar fræðslu og er til taks ef á þarf að halda. Ef nemandi á við eitthvert ofnæmi að stríða eða langvinn veikindi biðjum við ykkur að koma upplýsingum til hjúkrunarfræðings.

Skóladagatal

Skóladagatal fyrir skólaárið 2019-2020 er á heimasíðu skólans.

Frekari upplýsingar um símanúmer og netföng er að finna á heimsíðu skólans



Frá þemadögum haustið 2016